

	Flutt	Kr. 800,00	Kr. 2041,47	113
b. Í veðskuldabryfum		8300,00		
c. Ógreiddir vextir		16,00		
d. Í peningum		60,68	9176,68	
		Gjöld alls	11218,15	

Reikningur

114

yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins í Stykkishólmi 1886.

	Tekjur.	Kr.
1. Eptirstöðvar frá f. á.		14,31
2. Tillög vesturamtsbúa		» »
3. Styrkur úr landssjóði		200,00
	Tekjur alls	214,31
	Gjöld.	
1. Keyptar bækur fyrir		180,75
2. Eptirstöðvar við árslok 1886		33,56
	Gjöld alls	214,31

Íslands vesturamt, Reykjavík 5. desbr. 1887.

E. Th. Jónassen

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um affermingarskírteini skipa.

115

— Samkvæmt lögum 1. apríl p. á. um afnám skipagjalds af vöruskipum, sem afgreidd eru til burtfarar, o. s. frv., er skipagjald eptir lögum 4. júlí 1863 V. kafla afnumið, að því er snertir lestarúm það, er vörur eru út fluttar í.

Yfirstjórn skattamálanna hefur síðan, eptir að hafa skrifazt á við mig um málið kveðið svo á, að komuskýrteini þau, sem ræðir um í tilskipun 1. febr. 1797, 303. gr., og umburðarbrjefasafni nr. 1, 1863 f, fyrir skip, sem eru afgreidd hjeðan til Íslands, skuli framvegis afnumin.

Þetta læt jeg eigi hjá líða að skýra yður þjónustusamlega frá, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigandi embættis-mönnum.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um ferðaaætlan póstgufuskipanna til Íslands árið 1888. — Jeg skýrði hinu sameinada gufuskipafjelagi frá, að alpingi hefði á fjárlagafrumvarpi því, sem það hefði samþykkt fyrir árið 1888 og 1889, fært upphæðina til gufuskipferða kringum strendur Íslands úr 18,000 kr. niður í 9000 kr. hvort árið. Einnig skýrði jeg fjelagi þessu frá pingsályktun þeirri, sem samþykkt var um þetta efni, og sömuleiðis frá athugasemdum þeim og tillögum um ferðaaætlunina næsta ár, sem þjer, herra landshöfðingi, rituðuð mjer í þóknanlegu brjefi 17. sept. p. á. Síðan ljet fjelagið mjer í ljósi, að þrátt fyrir niðurfærsluna ætlaði það eigi að neyta rjettar þess, sem því er heimilaður í samningnum við stjórnarráðið, og segja samningnum slitid, en aptur á móti þætti því ástæða til að stinga upp á að minnka Íslandsferðir frá því sem verið hefur hin síðustu ár, þó eigi beinu ferðirnar frá Kaupmanna-

116

11. nóv.